

Skýrsla stjórnar – Flutt á aðalfundi 2012

Starfsemi félagsins var heilmikil á árinu, sérstaklega er lýtur að hagsmunamálum fósturforeldra og fósturbarna. Eins og við vitum er heilmiklu ábótavant í þeim efnum og af nógu að taka eins og kom fram á síðasta aðalfundi, þegar vinnuhópur skilaði af sér tillögum til stjórnar. Segja að árið hafi mótast heilmikið af því að fylgja eftir þessum tillögum vinnuhópsins.

Á síðasta aðalfundi var Steinunni Kristínu Pétursdóttur falið að fylgja eftir þeim málaflokki enda hafði hún stýrt þeirri vinnu á síðasta ári. Formaður og Steinunn byrjuðu á að setjast niður með fulltrúum frá BVS og kynntum við þeim niðurstöður vinnuhópsins.

Snemma á þessu ári kallaði BVS eftir tilnefningu félagsins í sérstaka nefnd til að leggja fram drög að nýrri reglugerðar vegna greiðsla með fósturbörnum, í samræmi við breytingar á barnaverndarlögum sem samþykktar voru á alþingi í fyrra. Í þeim lögum er í fyrsta skipti kveðið á um skyldu yfirvalda til að hafa hagsmunasamtök fósturforeldra með í ráðum þegar teknar eru ákvarðanir um greiðslur okkur til handa og skyldur sem á okkur hvíla. Það kom sér vel að við vorum mjög vel undir þetta búin þar sem fyrir lá skýrsla áður nefnds vinnuhóps um niðurstöður um það sem okkur fannst helst skóinn kreppa í þeim efnum. Í þessa nefnd var einnig kallað eftir fulltrúa frá Barnaverndarnefnd Reykjavíkur enda stærsta sveitafélagið, ásamt fulltrúa frá Sambandi Íslenskra Sveitafélaga. Lögfræðingur BVS leiddi vinnu nefndarinnar. Stjórn FFF fól Steinunni að vera okkar fulltrúi í þeirri nefnd og mun hún kynna okkur hvar sú vinna er stödd og í hvaða ferli þetta er.

Haldnir voru 5 formlegir stjórnarfundir á árinu og talsvert var um að við hringdum okkar á milli ef við þyrftum að bera saman bækur okkar og helguðust þeir að mestu að setu okkar í nefndinni og tillögum okkar að mótun reglugerðarinnar.

Einnig var á árinu reglugerðarvinna vegna skólamála fósturbarna og var kallað eftir okkar álit þar um. Gerðum við athugasemdir varðandi þær tillögur er lágu fyrir, þar sem gert var ráð fyrir því að viðtökusveitarfélag ætti að greiða að fullu kostnað vegna skólagöngu fósturbarna. Við getum rétt ímyndað okkur hvaða áhrif það hefði haft. Það er þegar nógu um að fósturbörnum sé mismunað og jafnvel neitað um skólavist á misjöfnum forsendum. Sem betur fer var fallið frá þessu enda voru fleiri en við sem gerðum athugasemdir við þetta. Í framhaldi af þessari reglugerðarsmíði kallaði ráðuneytið eftir fulltrúum frá skólum og öðrum stofnunum á fund í ráðuneytinu þar sem þessi mál voru rædd og mætti undirritaður á þann fund.

Þar er helst frá að greina að BVS hélt uppi hörðum vörnum um nokkur grunvallar atriði er lúta að þessum málum.

Í framhaldi þess fundar boðaði BVS til ráðstefnu í samstarfi við Skólastjórafélag Íslands, Samband íslenskra Sveitarfélaga, Samtök félagsmálastjóra, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur og Barnavernd Reykjavíkur um skólamál fósturbarna og mættu undirritaður og Soffía Ellertsdóttir fyrir hönd félagsins. Þessi ráðstefna heppnaðist í alla staði mjög vel og var geysivel sótt af skólastjórnendum og fulltrúum frá þeim stofnunum sem fara með þessi mál.

Aðal fyrirlesarar á ráðstefnunni var Bo Vinnerljung frá Svíþjóð og Tore Andreassen frá Noregi. Flutti Bo mjög athyglisverðan fyrirlestur um hvað menntun skiptir gríðarmiklu máli fyrir möguleika fósturbarna til að þroskast og ná árangri í lífinu.

Eins má nefna að í erindi sem Halldór Hauksson, sviðstjóri meðferðar- og fóstursviðs hjá Barnaverndarstofu, hélt komu fram tölulegar upplýsingar um fjölda fósturbarna á árinu 2011 og skipting þeirra. Ég set það hér inn svona til gamans.

Fjöldi fósturbarna á vegum barnaverndarnefnda **á landsvísu:**

Varanleg fóstur 165

Tímabundin fóstur 170

Styrkt fóstur 30

Á vegum Bvn.Reykjavíkur eru: Varanleg 93. Tímabundin 67. Styrkt 17.

Einnig var eftirvinna vegna sameiningu félagana frá því á síðasta ári svo sem að sameina félagatal, fjármál, breytingar á heimasíðu og ýmis praktísk atriði varðandi sameininguna og hefur það gengið vel. María Sólbergsdóttir mun segja okkur allt um það hér á eftir og kynna okkur nýtt félagatal.

Gengið var formlega frá samningi við BVS til 2 ára og munu þeir halda áfram að styrkja félagið um 350.000 hvort ár og er meðal annars okkar hlutverk að sækja NOFCA ráðstefnu árlega. Á fundi með Barnaverndarstofu á þar síðasta ári ræddum við mikla þörf fyrir fleiri námskeið og fræðslu sem tengist þeim erfiðleikum og aðstæðum sem við fósturforeldrar þurfum að kunna skil á, t.a.m. alkahólisma, fíkn, hegðunaröskunum, geðsjúkdómum, áhrifa ofbeldis á börn og svo mætti lengi telja. Við teljum mikla þörf á frekari námskeiðum og fræðslu sem tekur á erfiðari málum og þá sérstaklega fyrir þau okkar sem eru með styrkt fóstur.

Í framhaldi af fundi okkar setti BVS af stað námskeið sem ber heitið PMT-FORELDRAÞJÁLFUN og fór það í gang á haustmánuðum í fyrra. Var ákveðið að til að byrja með fengju þeir forgang að námskeiðinu sem eru með styrkt fóstur en svo er stefnan að öðrum fósturforeldrum sé boðið í framhaldi.

Ég hvet fósturforeldra til að sækja um þátttöku á námskeiðinu. BVS kvartaði yfir að ekki væri nægjanlegur sýnilegur áhugi þar sem umsóknir voru ekki margar. Eg vil því hvetja fósturforeldra til að sækja um að fá að taka þátt, þarna er heilmikið bitastætt og mörg góð verkfæri sem nýtast okkur vel í okkar starfi.

Heimasíðan

Á þar síðasta ári var farið í heil mikla andlitslyftingu á heimasíðu félagsins og enn erum við að vinna í henni og er verið að gera heilmikla breytingar á henni og reyna að gera hana sem aðgengilegasta. Þar er nú að finna það helsta sem er að gerast á vetvangi félagsins en betur má ef duga skal og hvet ég félagsmenn að vera duglega að koma með efni og ábendingar.

FOSTER PRIDE

Við reynum alltaf að hafa fulltrúa frá okkur á lokadegi FP. Þetta ár mættu María Sólbergsdóttir fyrir hönd félagsins ásamt undirrituðum. Markmið okkar er kynna starfsemi félagsins og hvetja nýja fósturforeldra til að ganga í félagið.

Nofca

Að þessu sinni var ráðstefnan haldin í Svíþjóð. Soffía sótti hana fyrir okkar hönd og má lesa um það helsta frá henni á heimasíðu okkar.

Útilega félagsins var að þessu sinni haldin á Arnarstapa og má bæði lesa um hana á heimasíðu félagsins og í fréttarbréfinu.

Kaffihúsafundir

Haldnir hafa verið reglulegir kaffihúsafundir hér í Reykjavík. Þessir fundir hafa farið fram í Perlunni hér í Reykjavík og hafa þeir verið reglulega auglýstir með tölvupósti til félagsmanna.

Fréttabréf

Sent var fréttabréf til allra félagsmanna og hafði Eva Dögg allan veg og vanda að því og gerði með glæsibrag.

Stjórn félagsins bíður sig áfram fram til stjórnarsetu en við hvetjum samt aðra félagsmenn til að bjóða fram krafta sína.

Virðingarfyllt

Formaður stjórnar, Guðbergur G. Birkisson